

# 84. stjórnarfundur Bergrisans bs.

25.4.2025

Staðsetning: fjarfundur á Teams.

Fundur hófst klukkan 11:00.

**Fundinn sátu:** Bragi Bjarnason, Sandra Sigurðardóttir, Eggert Valur Guðmundsson, Elliði Vignisson og Hulda Kristjánsdóttir sem varamaður fyrir Ásu Valdísi Árnadóttur sem var fjarverandi. Frá Bergrisanum voru Bjarki R. Kristjánsson og Íris Ellertsdóttir.

## Dagskrá

### 1. Fundargerð Þjónusturáðs

Verkefnastjóri kynnir fundargerð Þjónusturáðs númer 189. Eftirfarandi er lagt fram til frekari umræðu:

#### 1.a. Beiðni um stoðþjónustu - 105224

Sveitarfélagið Ölfus hefur óskað eftir samþykki fyrir frekari stoðþjónustu næstu mánuði fyrir einstakling með auðkennið 105224 þar til viðkomandi fær inn í búsetu eða að öðrum kosti að þjónustan verði endurskoðuð. Áætlaður kostnaður fyrir Bergrisann er kr. 1.230.000 á mánuði.

Stjórn staðfestir niðurstöðu þjónusturáðs og samþykkir beiðnina.

#### 1.b. Beiðni um fjölgun tíma í NPA samningi - 101760

Óskað er eftir fjölgun tíma í samningi einstaklings með auðkennið 101760. Núverandi tímafjöldi er 532 klst en óskað er eftir að því sé fjölgað í 592,5 klst. Kostnaðarauki Bergrisans er áætlaður 534.578 kr. á mánuði og er sótt um frá og með febrúar.

Stjórn staðfestir niðurstöðu þjónusturáðs og samþykkir beiðnina.

#### 1.c. Beiðni um stoðþjónustu - 104621

Sótt er um stoðþjónustu fyrir einstakling með auðkennið 104621. Sótt er um allt að 40 klst umfram 60 klst stoðþjónustu sem viðkomandi nýtir í dag. Kostnaður Bergrisans er áætlaður allt að kr. 275.960 á mánuði.

Stjórn staðfestir niðurstöðu þjónusturáðs og samþykkir beiðnina.

Stjórn staðfestir fundargerð þjónusturáðs að öðru leyti.

## 2. Ársreikningur 2024

Ársreikningur 2024 var lagður fyrir stjórn til kynningar og samþykktar.

Tekjur voru um 4,1 milljarður sem var umtalsvert yfir áætlun sem var 3 milljarðar. Skýrist munurinn aðallega á auknu framlagi vegna sértækrar þjónustu við börn sem var ekki á áætlun (ca. 450 mkr viðbótarframlag) ásamt innspýtingu í málaflokkinn sem var samþykkt eftir að áætlun 2024 var lögð fram til samþykktar.

Gjöld voru áætluð 2,9 milljarðar en enduðu í 3,5 milljörðum. Aukin gjöld skýrast aðallega af þessu 450 mkr viðbótarframlagi vegna sértækrar þjónustu við börn sem var greitt að fullu áfram til sveitarfélaga þar sem við átti en var ekki á áætlun.

Niðurstaða ársins var jákvæð um 637 mkr en áætlun hafði gert ráð fyrir 33 mkr afgangi. Skýrist þessi afgangur aðallega af viðbótarframlagi sem fékkst á árinu og verður það notað til að auka við nauðsynlega þjónustu og stytta biðlista, en þau framlög sem hafa fengist undanfarin ár hafa ekki dugað til að veita nægjanlega þjónustu til notenda á svæðinu og ekki er langt síðan sveitarfélög þurftu að leggja viðbótarfé til Bergisans. Er því tækifæri til að bæta í þjónustuna þar sem þörf hefur verið á.

Stjórn samþykkir ársreikninginn samhljóða.

## 3. Erindi frá starfsmanni Sólheima

Stjórn barst erindi frá starfsmanni Sólheima. Erindið rætt og starfsmönnum falið að svara erindinu.

## 4. Önnur mál

Engin önnur mál rædd.

Fundi slitið klukkan 11:40.

# Undirritunarsíða

Elliði Vignisson



Undirritað af:  
Elliði Vignisson  
2804695649  
Dags: 05.05.2025  
Tími: 10:13:51  
Ástæða: Samþykkt  
Signet ID: 067a9d16-79f7-49c5-98fa-d0a07cd38167

Sandra Sigurðardóttir



Undirritað af:  
Sandra Sigurðardóttir  
0602834949  
Dags: 09.05.2025  
Tími: 14:05:36  
Ástæða: Samþykkt  
Signet ID: 067a9d16-79f7-49c5-98fa-d0a07cd38167

Bragi Bjarnason



Undirritað af:  
Bragi Bjarnason  
2504815359  
Dags: 08.05.2025  
Tími: 09:01:44  
Ástæða: Samþykkt  
Signet ID: 067a9d16-79f7-49c5-98fa-d0a07cd38167

Eggert Valur Guðmundsson



Undirritað af:  
Eggert Valur  
Guðmundsson  
1508633179  
Dags: 05.05.2025  
Tími: 10:55:32  
Ástæða: Samþykkt  
Signet ID: 067a9d16-79f7-49c5-98fa-d0a07cd38167

Hulda Kristjánsdóttir



Undirritað af:  
Hulda Kristjánsdóttir  
3001843249  
Dags: 05.05.2025  
Tími: 11:01:46  
Ástæða: Samþykkt  
Signet ID: 067a9d16-79f7-49c5-98fa-d0a07cd38167